



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á innritun í leikskólunum Rauðaborg og Blásölum

Lagt er til að leikskólinn Blásalir verði fullgerður sem ungbarnaleikskóli fyrir 12-36 mánaða börn og rekstrarleyfi leikskólans fært í 68 rými. Leikskólinn Rauðaborg taki aftur sitt upprunalega hlutverk sem leikskóli fyrir 3-6 ára börn. Innritun yrði samræmd og samvinna sem nú þegar er til staðar verði efl. Einnig er lagt til að nafni leikskólans Blásala verði breytt í Ungbarnaleikskólinn Blásalir. Rauðaborg muni halda sama nafni en verði sérmerktur sem leikskóli fyrir 3-6 ára börn í Völu skráningarkerfi leikskóla.

Greinargerð:

Rauðaborg er hönnuð fyrir 3-6 ára börn með hugmyndafræði High scope að leiðarljósi þar sem gert er ráð fyrir 1 heimastofu og sameiginlegu rými með fjölbreyttum viðfangsefnum. Til þess að leikskólinn henti yngri börnum þyrfti að fara í kostnaðarsamar breytingar innanhúss og á lóð. Þar eru nú 52 börn. Ein deild með 12 til 18 mánaða, ein deild með 2-3 ára og ein deild með 4-6 ára börnum. Ekki hefur tekist að fullnýta rekstrarleyfið vegna fjölgunar yngri barna og aðstöðuleysis.

Blásalir er í fararbroddi í leikskólastarfi með yngstu börnin og býður upp á umhverfi sem hentar vel með lítilsháttar breytingum. Þar er eftirspurnin mest fyrir yngstu börnin og eru tvær deildir fullskipaðar 12-24 mánaða, ein með 2-3 ára og ein með 3-6 ára. Ekki hefur tekist að fullnýta rekstrarleyfi vegna fjölda yngstu barnanna.

Rekstrarleyfi í Blásölum er fyrir 76 börn. Nú eru þar 62 börn. Eftir breytingar yrði rekstrarleyfi fyrir 68 börn þ.e. tvær deildir með allt að 16 börn á aldrinum 12-24 mánaða og tvær deildir með allt að 18 börn á aldrinum 2-3 ára. Þar með næst betri nýting á plássum í leikskólanum og raunfjölgun yrði um 6 börn.

Ástæða lækkunar á rekstrarleyfi í Blásölum er að með þessari breytingu verða til 4 ungbarnadeildir. Á ungbarnadeildum er viðmið um 15-18 börn miðað við þarfir barna á þessum aldri um aukið rými.

Rekstrarleyfi í Rauðaborg er fyrir 58 börn. Það yrði óbreytt en við þessa breytingu næðist full nýting á húsnæðinu.

Í dag eru samtals 114 börn í leikskólanum eins og áður segir þrátt fyrir að rekstrarleyfi sé fyrir 134 börn. Börnin eru ekki fleiri nú vegna óhentugar aldurssamsetningar og aðstöðu á báðum leikskólum. Með breytingunni yrði rekstrarleyfi fyrir samtals 126 börn og næðist full nýting á rekstrarleyfinu vegna þess að húsnæðið hæfði þá aldurssamsetningunni í hvorum skóla.

Rekstur leikskólanna yrði óbreyttur en innritun myndi verða samstillt. Engin kerfisleg fyrirstaða er fyrir því að Blásalir tæki 12-36 mánaða af biðlista og Rauðaborg 3-6 ára.



Reykjavíkurborg

Þau börn sem þegar eru í leikskólunum myndu klára leikskóladvölinu í sínum skóla.

Þær breytingar sem þarf að gera utan venjulegs viðhalds eru vel framkvæmanlegar og eru einfaldari og ódýrari en það sem þyrfti að gera til þess að húsnæðið henti öllum leikskólaaldri.

Leikskólastjórar beggja skóla eru jákvæðir fyrir þessum fyrirhuguðu breytingum. Húsnæðishópur og innritunarhópur eru einnig hlyntir breytingunni.